

Alþingi  
Erindi nr. Þ 130/720  
komudagur 7. 1. 2004



Fornleifavernd ríkisins

Lyngás 7, 210 Garðabæ

Sími: 555 6630, Bréfsími: 555 6631

Heimasíða: [www.fornleifavernd.is](http://www.fornleifavernd.is)

Alþingi  
Umhverfisnefnd  
150 Reykjavík

Garðabær 6. janúar 2004

Tilvísun: Fvr 2004010002IKM

**Efni: Umsögn um frumvörp til laga um mat á umhverfisáhrifum og skipulags- og byggingarlög.**

Fornleifavernd ríkisins hefur móttakið bréf umhverfisnefndar Alþingis frá 24. nóv. s.l. þar sem óskað er umsagnar um frumvörp til laga um breytingar á lögum um mat á umhverfisáhrifum, 301. mál og um skipulags- og byggingarlög, mál 302.

Fornleifavernd ríkisins gerir ekki athugasemd við texta umræddra frumvarpa. Vegna umfjöllunar undir yfirskriftinni *Athugasemdir um einstaka greinar frumvarpsins*, annars vegar um 13. gr. í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um mat á umhverfisáhrifum og hins vegar um 3. gr. í frumvarpi til laga um breytingu á lögum um skipulags- og byggingarlög vill Fornleifavernd ríkisins vekja athygli á stöðu sinni sem leyfisveitanda vegna framkvæmda.

Í 10. gr. þjóðminjalaga (107/2001) stendur m.a.: *Fornleifum má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi né nokkur annar, spilla, granda né breyta, ekki heldur hylja þær, laga né aflaga né úr stað flytja nema með leyfi Fornleifaverndar ríkisins.*

Í 12. gr sömu laga segir m.a.: *Ef fyrirsjáanlegt er að minjastaður spillist vegna breyttrar landnotkunar eða framkvæmda skal viðkomandi sveitarfélag eða framkvæmdaraðili gera Fornleifavernd ríkisins viðvart með hæfilegum fyrirvara. Fornleifavernd ríkisins ákveður að höfðu samráði við Náttúruvernd ríkisins hvort rannsóknar er þörf, hvort friðlýsa beri viðkomandi stað eða hvort fornleifarnar megi vika og þá með hvaða skilmálum.*

13. gr. laganna hljóðar svo: *Nú finnast fornleifar sem áður voru ókunnar og skal finnandi þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn. Ef fornleifar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stöðva framkvæmd uns fengin er ákvörðun Fornleifaverndar ríkisins um hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum.*

Í 14. gr. þjóðminjalaga segir m.a.: *Nú telur landeigandi, ábúandi eða einhver annar, þar á*

*meðal sá sem stjórnar opinberum framkvæmdum, að hann þurfi að gera jarðrask, svo sem vegna vegagerðar, veitulagnar, framræslu eða skógræktar, er haggad geti við fornleifum og skal hann þá skýra Fornleifavernd ríkisins frá því áður en hafist er handa við verkið. Lýst skal nákvæmlega breytingum þeim er af framkvæmd muni leiða. Fornleifavernd ríkisins ákveður hvort og hvenær framkvæmd megi hefja og með hvaða skilmálum. Við allar meiri háttar framkvæmdir, svo sem vegagerð, virkjanaframkvæmdir, flugvallagerð, veitulagnir og skógrækt, skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum.*

Á sama hátt og leyfi Umhverfisstofnunar þarf til framkvæmda þar sem hættu er á að spillt verði friðlýstum náttúruminum þarf leyfi Fornleifaverndar ríkisins til framkvæmda þar sem raska þarf fornleifum, granda þeim, hylja þær, laga eða aflaga eða flytja úr stað.

Virðingarfyllt,  
f.h. Fornleifaverndar ríkisins



Kristín Huld Sigurðardóttir  
Forstöðumaður